



**Hátíðarræða
Höllu Tómasdóttur
forseta Íslands
á aðventuhátíð
í Bústaðakirkju
30. nóvember 2025**

Kæru vinir. Gleðilega aðventu.

Mér þykir vænt um að vera með ykkur á þessum táknræna degi, fyrsta sunnudegi í aðventu. Aðventan hefur alla tíð verið í miklu uppáhaldi hjá mér og er í mínum huga tími ljóss og kærleika, ekkert síður en jólin sjálf. Þessar vikur í desember reynum við hjónin að njóta sem oftast samvista við ástvini. Heima kveikjum við svo að segja daglega á kertum þegar líður að jólum, við hlustum á hátíðlega tónlist og reynum líka að finna tíma til að baka og borða með okkar nánustu. Fátt gefur lífinu meira gildi en slíkar gæðastundir með fólki sem okkur þykir vænt um.

Dagurinn í dag er jafnframt kirkjudagur Bústaðakirkju. Kirkjan, sem er teiknuð af Helga Hjálmarssyni, var eins og kunnugt er vígð á fyrsta sunnudegi í aðventu árið 1971 og hafði þá, að mér skilst, verið fimm ár í smíðum. Í frétt af vígslunni kemur fram að lögun Bústaðakirkju eigi að minna á fisk, hið forna tákn kristinnar kirkju, en líka að byggingin sé hugsuð eins og opinn faðmur.

Í þessari sömu frétt af vígslu Bústaðakirkju er reyndar líka vakin athygli á að engin slys hafi orðið á byggingartímanum og þykir það mikið lán því að börnin í hverfinu hafi „mjög sótt á byggingarstaðinn“. Þetta var á þeim tíma

Þegar hús í byggingu höfðu sérstakt aðdráttarafl fyrir krakka og var of sjaldan hirt um að girða almennilega af hættuleg byggingarsvæði. Ef þið horfið nú í kringum ykkur hér í kirkjunni og hverfið í huganum hálfa öld aftur í tímann getið þið líklega séð í anda vinnupalla, mótatimbur og útstandandi nagla, víra og steypustyrktarjárn. Það kallar kannski á aukið hugmyndaflug að bæta krakkaskara við þessa mynd; mögulega eru þau að príla, í feluleik eða að renna sér fótskriðu á frosnum polli sem liggur hér eftir endilöngu kirkjugólfinu.

Þó að æskuslóðir mínar séu á Kársnesi í Kópavogi þá lék ég mér oft í Fossvoginum sem barn því hér áttum við í fjölskyldunni bæði ættingja og vini. Í Kópavoginum lékum við krakkarnir okkur annars á kirkjuholtinu þar sem Kópavogskirkja stendur en einnig á ýmsum byggingarsvæðum. Hættur leyndust víða. Ég rifjaði nýlega upp að á áttunda áratugnum lékum við systurnar okkur líka næstum jafnfrjálsglega í aftursætinu í Cortinu-bíl mömmu og pabba og úti um mela og móa. Bílbeltanotkun var þá valkvæð og beltí ekki alltaf til staðar í aftursætum bifreiða. Ýmsir málsmetandi aðilar lýstu sig á þeim tíma andsnúna því að sett yrðu lög sem skylduðu fólki til að nota bílbelti. Lögin urðu samt að veruleika og smátt og smátt fóru flestallir að líta á það sem sjálfsagðan hlut að spenna beltin og vernda börn sérstaklega. Í kjölfarið fækkaði banaslysum í umferðinni hér á landi umtalsvert.

Á þessu sviði nutum við forystu og framsýni Umferðarráðs og framkvæmdastjóra þess, Óla H. Þórðarsonar. Áþekkar framfarir hafa einnig orðið í almennum slysvörnum barna. Þar höfum við notið forystu annarrar ómetanlegrar hugsjónamanneskju, Herðísar Storgaard hjúkrunarfræðings. Þau Óli og Herdís héldu meðal annars á lofti tölum um slys í umferðinni og á börnum við leik, tölum sem vöktu athygli ráðamanna og leiddu til breytinga.

En þótt dregið hafi úr ýmsum áþreifanlegum hættum sem steðjuðu að börnum fyrir hálfri öld þá fer því fjarri að æskufólk á okkar dögum sigli allt lygnan sjó. Ég hef undanfarin misseri vakið athygli á vaxandi vanlíðan og einmanaleika barna og unglunga. Þetta virðist vera alþjóðlegt vandamál og

ýmsir telja að ein af ástæðunum sé vaxandi snjallsímanotkun og neikvæð áhrif samfélagsmiðla á líðan ungs fólks. Enn skortir óyggjandi tölfræði á þessu sviði en er ekki einkennilegt að á meðan lögð er rík áhersla á að vernda börn og unglinga í raunheimum hafi þau svo að segja óheft frelsi til að flakka um í hinum stafræna heimi? Þar leynast ýmsar hættur, ekki síður en í húsum á byggingarstigi. Skemmst er að minnast fréttu af unglingum sem lent hafa í klóm alþjóðlegra ofbeldishópa á netinu, verið þvinguð til sjálfskaða og látin horfa á gróft ofbeldi sem beinist gegn öðrum unglingum. Einnig er ég harmi slegin yfir því hversu margt ungt fólk fellur árlega fyrir eigin hendi. Einstaklingar sem eru félagslega einangraðir, ekki síst ungir karlar, eru þar í sérstökum áhættuhópi.

Það rúma ár sem ég hef verið í embætti hef ég átt fjölda samtala við börn og unglinga. Ég hef iðulega spurt þau hvort símarnir og samfélagsmiðlarnir valdi þeim vanlíðan. Svo að segja öll rétta upp hönd. Og þau segja mér jafnframt sögur af því sem þau sjá, heyra og upplifa. Það er oft eitthvað sem við sem eldri erum eigum bágð með að ímynda okkur. Við búum í öðrum stafrænum heimi en yngstu kynslóðirnar.

Ég geri mér grein fyrir að hjóli tímans verður ekki snúið við og ég er ekki sannfærð um að boð og bönn séu launsin þótt þau hafi sannarlega gert sitt gagn þegar kom að bílbeltunum, séu lausnin. Síamarnir eru að sjálfsgöðu tæki sem tengja fólk saman en ég velti því samt fyrir mér hvort okkur skorti ekki einhvers konar umferðarreglur og skjólbelti sem verja börn og ungmenni fyrir stafrænu áreiti og skaðlegum áhrifum samfélagsmiðla. Með almennari hætti er notkun snjalltækja, sem flest okkar hafa við höndina meirihluta sólarhringsins, að draga úr beinum félagslegum samskiptum manna á milli. Þetta er þróun sem er ekki aðeins að hafa áhrif á yngri kynslóðir heldur einnig okkur hin. Félagsleg tengsl eru öllum lífsnauðsynleg, útivera og sólarljós sömuleiðis. Síðast en ekki síst þurfum við á trú á framtíðinni að halda. Við viljum öll finna að líf okkar hafi tilgang og að við tilheyrum uppbyggilegu og heilbrigðu samfélagi.

Hér tel ég að kirkjan og sóknir eins og ykkar hafi ríku hlutverki að gegna. Guðsþjónustur og samverustundir eins og þessi aðventuhátíð eru dýrmætar. Við njótum hér saman söngs og félagsskapar, tíma án síma, í auðmýkt gagnvart æðri mætti. Slíkar stundir gefa okkur bæði tóm og tilefni til að trúa á hið góða og finna að hvert og eitt okkar skiptir máli. Mig langar til að þakka ykkur í Bústaðakirkju og Fossvogssókn fyrir að vera hér til staðar, með opinn faðminn.

Að lokum vil ég ávarpa sérstaklega þau sem eiga um sárt að binda. Ég veit að þessi tími árs er ekki öllum auðveldur. Á aðventu og jólum söknum við oft sárast ástvina sem fallið hafa frá. Skammdegið reynist líka mörgum þungt í skauti. Þess vegna er sérstaklega viðeigandi og jafnvel lífsnauðsynlegt að við kveikjum ekki bara á aðventukertunum fjórum í aðdraganda jóla heldur tendrum líka ljós í hjarta hvers annars. Aðventan og jólin eru og eiga að vera tímabil umhyggju, hlýju og kærleika.

Gleðilega aðventu, gleðilega hátíð ljóss og friðar.